



Erindi forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
við háskólann í Tartu, Eistlandi
10. júní 1998

Virðulegur rektor
Heiðruðu háskólaborgarar og aðrir gestir

Það er mér ánægjuefni að vera boðinn hingað á vettvang vísinda og rannsókna og fá tækifæri til að ræða stöðu smáþjóða í nýrri Evrópu, áhrif breyttrar heimsmyndar og þróun lýðræðis og öryggismála. Þau umræðuefni eru mér ekki aðeins hugleikin vegna þeirrar ábyrgðar sem felst í embætti mínu heldur líka vegna rannsókna minna þegar ég fyrr á árum gegndi prófessorsstörfum í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands og tók þátt í því fyrir um aldarfjórðungi að leggja grundvöll að nútíma félagsvísindum á Íslandi.

Reyndar voru fyrstu skref mín á alþjóðlegum fræðavettvangi fólgin í þátttöku í fyrsta rannsóknarverkefninu sem helgað var lýðræði í Evrópu. Fremstu stjórnmálafræðingar þeirrar tíðar, Robert Dahl við Yale háskóla, síðar forseti samtaka bandarískra stjórnmálafræðinga, og Stein Rokkan, leiðtogi félagsvísindamanna á Norðurlöndum, mynduðu rannsóknasveit um verkefnið „Smaller European Democracies”. Ég naut þeirrar gæfu sem ungur stúdent árið 1965 að verða liðsmaður í fræðahópnum sem vann að þessu verki og tengdist því næstu fimm árin.

Þjóðskipulag Evrópuríkja var á þessum tíma á þann veg að það var létt verk að afmarka viðfangsefnið; lýðræðisríkin í álfunni voru satt að segja ótrúlega fá. Mið- og Austur-Evrópa var ekki eini landahópurinn sem féll utan við landamæri lýðræðisins heldur bjuggu Spánverjar og Portúgalar við harðstjórn og Grikkland og Tyrkland lutu um skeið ofurvaldi herstjórnar.

Það gleymist oft í umræðum á okkar tíð um hraða lýðræðisþróunar í ríkjum sem áður lutu alræðisstjórn kommúnistaflokka hve fá ríki álfunnar hafa alla öldina notið lýðræðislegra stjórnarháttá. Það lætur nærri að fingur annarrar handar dugi til að telja þau upp. Þegar ég var ungur sveinn í íslensku sjávarplássi – og mér finnst ég ekki vera sérlega gamall – var nær öll Evrópa undir harðstjórn fasista, nasista eða kommúnista, svipt lýðræði og mannréttindum. Það kostaði milljónir manna lífið að brjóta ofurvald Hitlers og Mussolinis á bak aftur og samt héldu fasískir stjórnarherrar völdum í suðvesturhluta álfunnar í nokkra áratugi í viðbót.

Ég nefni þessar alkunnu staðreyndir hér því þeim er stundum ýtt til hliðar þegar úr vesturhluta Evrópu heyrast óþolinmóðar gagnrýnisraddir sem krefjast þess að þjóðir sem þöndu ok ófrelsis á harðstjórnartíma Sovétríkjanna og fylgiríkja þeirra eigi á fáeinum árum, nánast tafarlaust, að birta okkur fullmótað og hnökralaust lýðræðislegt samfélag.

Hin sögulega reynsla ætti þó að hafa kennt íbúum Vestur-Evrópu hógværð, þolinmæði og umburðarlyndi í þessum efnum.

Staðreyndin er sú að nú er senn að ljúka öld sem einkennst hefur af meiri mannfórnum, blóðbaði og áþján en áður hafa þekkt vegna baráttunnar um lýðræði og mannréttindi. Þar eiga vestur- og austurhlutar Evrópu báðir sín hörmungarskeið þótt aðskilin séu í tíma.

Lýðræðislegt samfélag verður að fá tóm til að festast í sessi, móta menningu, uppeldi og lífsstíl allan. Vestrænar rannsóknir hafa sýnt að grundvöllur lýðræðislegrar stjórnskipunar felst ekki fyrst og fremst í lögum og stjórnarskrá þótt þeir þættir séu vissulega mikilvægir. Gróður mold lýðræðisins er umfram allt fólgin í siðmenningu samfélagsins, hefðum, venjum og hugsunarhætti, ekki aðeins innan stjórnstofnana heldur miklu fremur um þjóðfélagið allt, á mannamótum og vinnustöðum, í daglegri umræðu og fjölmiðlum, í lærdómssetrum og listamiðstöðvum, í þorpsstjórn ekki síður en á þjóðþingi. Siðmenningin er sá jarðvegur lýðræðisins sem veitir rótum þess styrk; hún skapar þá þjargföstu sannfæringu að réttur sérhvers manns til andmæla og annarrar skoðunar sé jafn sjálfsagður og andardráttur okkar allra.

Það sýnir vel lýðræðisbyltinguna í Evrópu að ætti ungur stúdent að ganga nú til liðs við rannsóknarverkefni sem helgað væri smáum lýðræðisríkjum í Evrópu líkt og ég gerði fyrir um 30 árum þá kæmi fljótt í ljós að fjöldi ríkjanna hefur ekki aðeins margfaldast heldur hafa sum þeirra

með Eyrstrasaltsríkin í fararbroddi gegnt frumkvöðulshlutverki við að breyta heimsmyndinni.

Þegar athyglin beinist að hinum stóru bandalögum og öflugum forysturíkjum þeirra í álfunni og margir segja að þar sé aðallega að finna leiðsögn um framtíðina þá er vert að rifja upp til áminningar að þegar þið Eistlendingar, og baráttusystkini ykkar í Lettlandi og Litháen, voruð við upphaf þessa áratugar að berjast fyrir sjálfstæði ykkar og lýðræðislegum rétti þá hvöttu forystumenn ýmissa stórríkja í Evrópu til biðlundar og hógvæðar í kröfugerð. Það voru hin norrænu smáríki, einkum Ísland og Danmörk, sem tóku af skarið og veittu ykkur liðsinni á lykilstundu.

Ísland, minnsta aðildarríki NATO, óbundið af málamiðlunum innan Evrópusambandsins, gat boðið úrtöluöflunum birginn og veitt sjálfstæðisbaráttu Eyrstrasaltsríkjanna liðsinni sem dugði. Ég þekki þá sögu vel úr innviðum íslenskrar ríkisstjórnar og Alþingis á þessum árum. Hið smáa eyríki í norðri var þá eins og Davíð innan um Golíatana sem vildu bíða og báðu um fresti.

Það voru hin smáu ríki við Eyrstrasalt sem tóku forystuna við að brjóta niður ok Sovétvaldsins innan frá og það voru norræn smáríki vestan við sem tóku af skarið utan frá. Við Íslendingar munum um alla framtíð varðveita með stolti minninguna um þá baráttu. Hún er okkur hvatning um að standa áfram vörð um lýðræðisþróun í álfunni.

Sé litið til orlagaprunginnar sögu þessarar aldar kemur skýrt í ljós að hin smærri ríki álfunnar hafa gegnt lykilhlutverki við varðveislu og eflingu lýðræðis. Hlutur Norðurlanda er þar svo skýr að fá önnur lönd álfunnar búa að svo samfelldri lýðræðissögu. Hér við Eyrstrasalt var það fyrst og fremst lýðræðisbylting ykkar sem reif niður víggirðingar hinnar sovésku harðstjórnar.

Þegar við nú senn heilsum nýrri öld er hollt að hugleiða þessa lærdóma sögunnar.

Heimsstríðin tvö, harðstjórn og hörmungartíma, kreppu og kúgun, fórnardauða milljóna verður því miður að skrifa nær alfarið á reikning hinna stærri ríkja í álfunni sem sífellt hafa verið og eru að kalla eftir forystuhlutverki sér til handa, keppa um aðalsætin ýmist innan eða utan bandalaga.

Hin lýðræðislega arfleifð, samfélag umburðarlyndis og mannréttinda hefur á þessari öld fyrst og fremst verið varðveitt í höndum hinna smærri ríkja sem flest hver, einkum hin norrænu, hafa einnig skarað fram úr í velferð, lífskjörum og hagsæld.

Þegar við ræðum þróun Evrópu á nýrri öld og tókum afstöðu til tillagna og hugmynda um stjórnarhætti, öryggi og hagþróun þá er mikilvægt að hafa í huga að forsenda árangurs er að margbreytileiki álfunnar fái að njóta sín, að Evrópa sé ekki skipulögð eins og eitt hraðbrautarkerfi heldur sé fyrirmyndin sótt í fjölskrúðugan lystigarð, að sköpunarverkið sé ekki einn járnstólpi heldur mósaík úr mörgum mislitum steinum.

Hvort um raunverulegar breytingar og framfarir er að ræða kemur fram í því hve ríkulega framlag hinna smáu ríkja fær að setja svip á þróunina. Lítum aðeins á þrjú stofnanasvið í álfunni sem tengjast lýðræði, öryggi eða efnahag.

Í fyrsta lagi Evrópuráðið, stofnað á rústum heimsstyrjaldarinnar síðari til að tryggja mannréttindi og lýðræðislegt samfélag, koma í veg fyrir að meginlandið breyttist með reglubundnum hætti í blóðugan vígvöll; Evrópuráðið stofnsett í Strassborg, um aldir táknborg stríðsátaka Frakklands og Þýskalands en nú vonarsetur vígt nýjum tímum.

Í nær hálfra öld hafa þingmenn aðildarríkjanna komið þar saman, mótað stefnu og markmið sem felld eru í lög og reglugerðir; í reynd helsta dæmi veraldarsögunnar um árangur af formlegu samstarfi þjóðþinga, rækilega stutt af úrskurðum Mannréttindadómstólsins og víðtæku samstarfi sveitarfélaga og æskulýðssamtaka.

Í áratugi voru þingmenn evrópskra smárikja og meðalstórra ríkja virkir áhrifaaðilar í öllu þessu starfi. Með lýðræðisbyltingunni við upphaf þessa áratugar varð Evrópuráðið fyrsti bandalagsvettvangurinn sem formlega bauð nýja þingmenn Eystrasaltsríkjanna og annarra nýrra lýðræðisríkja í álfunni velkomna til samstarfs, formleg viðurkenning álfunnar á grundvallarbreytingum í hverju landi.

Í því vandasama verki að treysta í sessi aðlögun Rússlands að vestrænum stjórnarháttum og hollustu þess við lýðræði og mannréttindi er vert að hafa í huga að þegar Rússland sótti um aðild að Evrópuráðinu og hlaut hana var um leið verið að veita hinum lýðræðislegu smárikjum álfunnar, þingmönnum þeirra og dómurum formlegan íhlutunarrétt og

aðhaldshlutverk gegnum stofnanir Evrópuráðsins gagnvart varðveislu lýðræðislegra stjórnarhátta í Rússlandi eins og í öðrum nýjum aðildarríkjum, ásamt því að efla virðingu valdhafa allra aðildarríkjanna fyrir mannréttindum og grundvallarlögmálum friðsamlegrar sambúðar.

Í öðru lagi Atlantshafsbandalagið, NATO. Vissulega er flókið að draga lærdóma af ferli þess og áhrifum en þó er ljóst að án þátttöku Benelux-ríkjanna þriggja og norrænu landanna þriggja, Íslands, Noregs og Danmerkur, hefði NATO skort siðferðislegan styrk. Ef bandalagið hefði eingöngu falið í sér samstarf nokkurra öflugra hervelda með þrjú kjarnorkuveldi í fararbroddi hefði vettvangur stefnumótunar innan þess borið annað svipmót. Þótt neitunarvaldinu sé ekki beitt felst í lögmálinu um samþykki aðildarríkja við stórum ákvörðunum og smáum mikilvægt vald hinna smærri ríkja.

Sá áhrifamáttur kom skýrt í ljós á liðnu ári í umræðum um stækkun bandalagsins, einkum á leiðtogafundinum í Madrid. Það er ekkert leyndarmál að í aðdraganda þeirrar ákvörðunar og á fundinum í Madrid lögðu hin áhrifameiri ríki á meginlandi Evrópu fyrst og fremst áherslu á inngöngu fimm ríkja í nágrenni við þau sjálf og beittu sér gegn því að aðildarmöguleiki Eystrasaltsríkjanna væri formlega viðurkenndur.

Þegar á utanríkisráðherrafundi Atlantshafsbandalagsins í Sintra í maí í fyrra hafnaði utanríkisráðherra Íslands þessari stefnu helstu forysturíkja Evrópusambandsins innan NATO og var reyndar sá eini auk utanríkisráðherra Bandaríkjanna sem þá þegar boðaði aðild þriggja ríkja í fyrstu til að geta haldið opinni inngöngu Eystrasaltsríkjanna á síðari stigum.

Í viðræðum við forseta Ítalíu í opinberri heimsókn hans til Íslands sama ár lagði ég ríka áherslu á rétt Eystrasaltsríkjanna til inngöngu í NATO ef þau settu fram slíka ósk og sagði þá meðal annars í formlegri móttökuræðu minni á Bessastöðum:

„Réttur hinna smærri nýfrjálsu ríkja í Evrópu er prófsteinn á varanleika og siðferðilegan styrk þeirrar nýju öryggisskipunar sem stofnþjóðir Atlantshafsbandalagsins hafa nú tekið forystu um að móta; á slíkum vegamótum spyrjum við Íslendingar enn um afstöðu Eystrasaltsríkjanna og áréttum á ný rétt hinna smærri til öryggis, friðar og lýðræðis.”

Það var síðan samvinna hinna þriggja norrænu NATO-ríkja við Bandaríkin og Bretland sem á leiðtogafundinum sjálfum tryggði að réttur Eystrasaltsríkjanna til aðildar í framtíðinni var formlega viðurkenndur. Fáeinum vikum síðar ítrekaði ég þá afstöðu í Washington með eftirfarandi orðum:

„NATO á nú í viðræðum við ríki utan bandalagsins um hvernig þróa skuli nýja öryggisskipan í álfunni. Ísland er sem stofnríki NATO virkur þátttakandi í þessum umræðum. Við leggjum þar áherslu á rétt hinna smáu, nýfrjálsu ríkja, einkum vinnuþjóða okkar við Eystrasalt, til að vera hluti af þessum breytingum.

Ef réttur hinna smáu Evrópuríkja er ekki að fullu virtur verður hin nýja öryggisskipan við Atlantshaf lýðræðislanda og siðferðilega brengluð.

Samviska hinnar nýju Evrópu býr ekki með hinum ríku og völdugu. Hjarta hinnar nýju Evrópu er í brjóstum þeirra smáu sem varðveittu vonina um frelsi og lýðræði á helstu hörmungartímum álfunnar.”

Í þriðja lagi er vert að athuga stofnanir og bandalög hinnar efnahagslegu samvinnu í álfunni: Evrópusambandið, EFTA og Evrópska efnahagssvæðið. Á þessu sviði er ekki hægt að skera ótvírætt úr um hvar hinum smærri ríkjum sé hagstæðast að skipa sér. Tökum Norðurlöndin sem dæmi. Þrjú þeirra – Danmörk, Svíþjóð og Finnland – hafa kosið að vera í Evrópusambandinu, en tvö – Ísland og Noregur – eru utan þess. Mat á efnahagslegum árangri, hagvexti, stöðugleika, velferð, atvinnuleysi og lífshæðisbata er samt Íslandi og Noregi ótvírætt í hag með allri virðingu fyrir frændum okkar í hinum ríkjunum þremur.

Reyndar er það athyglisvert að sé hagstjórn mæld á þann mælikvarða sem Evrópusambandsríkin hafa sjálf komið sér saman um í Maastrichtsamningnum og liggur til grundvallar hinu nýja evrópska myntbandalagi þá skara þau þrjú ríki Vestur-Evrópu sem kosið hafa að standa utan Evrópusambandsins – Ísland, Noregur, og Sviss – fram úr nær öllum aðildarríkjum Evrópusambandsins sjálfs.

Dómur reynslunnar er því ótvírætt sá að hin smærri ríki álfunnar geta náð miklum efnahagslegum framförum hvort sem þau eru utan Evrópusambandsins eða innan. Það eru fyrst og fremst eigin tök hvernar þjóðar á hagstjórninni, ríkisfjármálum, fjárfestingarstefnu, atvinnuáttum og peningastofnunum ásamt farsælli sambúð launafólks og vinnuveitenda sem úrslitum ræður.

Lausleg skoðun á þessum þremur evrópsku stofnanasviðum – um lýðræði og mannréttindi á vettvangi Evrópuráðsins, um öryggismál í tengslum við NATO og um efnahagsmál í samvinnu við aðrar Evrópuþjóðir með Evrópusambandsaðild eða án hennar– sýnir að áhrifastaða hinna evrópsku smáríkja hefur verið, er og verður í senn margþætt og sterk langt umfram hin tölulegu stærðarhlutföll.

Ferill Norðurlanda á undanförunum áratugum varpar einnig skýru ljósi á þessa áhrifamöguleika hinna smærri ríkja í álfunni. Norrænu ríkin halda áfram hinni hefðbundnu og nánú samvinnu sín á milli en þau hafa á hagkvæman hátt skipt liði varðandi tengsl við tvö helstu bandalög álfunnar. Ísland, Noregur og Danmörk eru innan NATO en Svíþjóð og Finnland utan en þau eru hins vegar ásamt Danmörku í Evrópusambandinu en Noregur og Ísland þar fyrir utan en tengjast því í gegnum Evrópska efnahagssvæðið.

Það hefur verið okkur Íslendingum kappsmál að nýta hina nánú samvinnu Norðurlanda til að þróa öflug samskipti milli norrænu frændþjóðanna annars vegar og hinna nýfrjálsu vinþjóða við Eystrasalt hins vegar svo að saman gætum við, ríkin átta, haft margvísleg áhrif á þróun Evrópu á nýrri öld, á lausn ýmissa viðfangsefna í norðurhluta álfunnar og til að laða Rússland og önnur nágrannaríki til skapandi þátttöku í framförum og farsælli þróun, eflingu lýðræðis og mannréttinda, sköpun friðar og öryggis sem veita sérhverjum einstaklingi tækifæri til að vera sinnar gæfu smiður.

Í þessum efnun bjóða hin nýju svæðissamtök í norðanverðri Evrópu Norðurlöndum og Eystrasaltsríkjunum margvísleg tækifæri til að virkja Bandaríkin og Evrópusambandið ásamt Rússlandi til öflugs samstarfs. Ég er reyndar þeirrar skoðunar að svæðissamtökin þrenn – Eystrasaltsráðið, Barentsráðið og Norðurskautsráðið, sem öll hafa verið stofnuð á þessum áratug í kjölfar hinnar breyttu heimsmyndar – muni gegna lykilhlutverki í hnattrænni þróun á nýrri öld og mikilvægi þeirra sé reyndar nú þegar orðið verulegt.

Þótt verkefni þessara svæðissamtaka sé nokkuð mismunandi og aðildarskipunin breytileg þá tengja þau saman kjarnasvæði frá Eystrasalti um Barentssvæðið að Norðurheimskauti, frá landamærum Eystrasaltsríkjanna og Rússlands annars vegar til Norður-Ameríku, Kanada og Bandaríkjanna hins vegar, spanna lykilsvæði varðandi lífsskilyrði á jörðinni og umhverfisöryggi mannkyns alls, svæði sem í

afvopnunar- og öryggismálum hefur forgangssess í sameiginlegri leit Bandaríkjanna og Rússlands að farsælli nýskipan.

Sé litið á svæðissamböndin þrenn í samfellu eru uppruni þeirra og uppbygging á þann veg að Norðurlönd og Eystrasaltsríkin gegna þar lykilhlutverki þótt aðstæður séu eðlilega nokkuð mismunandi frá einu sambandi til annars. Í þessum nýju svæðisstofnunum geta hefðir og samvinnuandi Norðurlanda og hið nýja vináttubandalag okkar og Eystrasaltsríkjanna haft mótandi áhrif á sambúð Rússlands og Bandaríkjanna annars vegar og Rússlands og Evrópusambandsins hins vegar, eftir farsæla samvinnu þeirra við lausn brýnna vandamála án þess að sú samvinna sé tengd þeirri spennu og valdatogstreitu sem ætíð færir í aukana þegar vettvangur verkefnisins færir nær sjálfu meginlandi álfunnar.

Það er mikilvægt að aukið samstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkja á vettvangi alþjóðamála taki ríkulega mið af þróun hinna nýju svæðissambanda, að við stillum saman strengi okkar innan þeirra. Margt bendir til að bæði Bandaríkin og Rússland hafi skilið þá jákvæðu möguleika sem felast í eflingu þessara svæðisbandalaga og þá er mikilvægt að við látum ekki okkar hlut eftir liggja.

Svæðissamböndin eru ekki aðeins tæki til að þróa samvinnu og samskipti við hið nýja Rússland heldur líka hentugur vettvangur til að nýta hið besta í framlagi Bandaríkjanna til evrópskrar þróunar án þess að það framlag þurfi að blandast viðkvæmni sumra öflugustu ríkja meginlandsins gagnvart áhrifum Bandaríkjanna í álfunni.

Reyndar blasir sú staðreynd við hvort sem hún er viðurkennd til fulls eða ekki að á þessum umbrotaáratug í sögu Evrópu hafa Bandaríkin verið áhrifaríkasta ríkið í málefnum álfunnar og mun svo verða lengi enn. Glíman við stríðið á Balkanskaga, sambúðin við Rússland, öryggismál álfunnar, friðarsamningar á Írlandi – allt er þetta vitnisburður um lykilhlutverk Bandaríkjanna og margt fleira mætti nefna. Nýlegur samningur Eystrasaltsríkjanna og Bandaríkjanna um víðtæka samvinnu sem undirritaður var í Washington staðfestir líka mikilvægi Bandaríkjanna í málefnum Evrópu á nýrri öld. Þer reyndar að fagna sérstaklega þessum samningi.

Vaxandi áhugi Bandaríkjanna á þróun hinna nýju svæðissambanda í norðanverðri Evrópu – Eystrasaltsráðsins, Barentsráðsins og Norðurskautsráðsins – opnar vinátturíkjunum átta, Norðurlöndum og

Eystrasaltsríkjum, margvísleg tækifæri til að hafa saman viðtæk áhrif á farsæla þróun heimsmálanna á nýrri öld.

Það er Íslendingum fagnaðarefni að taka þátt í þessum verkefnum í samfylgd með frændþjóðum okkar og nýta tækifærin í samvinnu við ykkur Eistlendinga og aðrar vinaþjóðir við Eystrasalt.

Þróun Íslands á þeirri öld sem senn er á enda, frá heimastjórn við upphaf, lýðveldisstofnun um miðbik til fjölþættrar alþjóðlegrar þátttöku við lok aldarinnar færir okkur margvíslega sönnun þess hve mikilvægt framlag smárikja getur verið til eflingar lýðræðis, öryggis og framfara í Evrópu.

Við Íslendingar erum hreyknir af því liðsinni sem við gátum veitt ykkur á örlagastundu í baráttu ykkar fyrir frelsi og sjálfstæði. Framlag okkar var vitnisburður um að á vettvangi heimsmálanna geta hinir smáu ráðið úrslitum líkt og í gömlu sögunni um Davíð og Golíat. Það er í þeim anda sem við viljum ganga sókndjarfir með ykkur Eistlendingum og öðrum vinaþjóðum í norðanverðri Evrópu til móts við nýja öld.